

Mál nr 5/2016

Ár 2016, mánudaginn 5. september, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 5/2016

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 25.janúar 2016 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði (Y) hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina Z við rakkann Q þar sem tíkin væri orðin of gömul fyrir fyrsta got. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 17. mars 2016 og honum gefinn frestur til 14. apríl til að skila inn andmælum. Svarbréf dags 12. apríl barst siðanefnd. Afrit svarbréfs var sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin og ákvað að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 9. nóvember 2015 var tíkin Z pöruð við rakkann Q hinn 17. Júlí 2015. Við pörunina var tíkin of gömul fyrir fyrsta got. Hundarnir eru af hundakyninu Labrador retriever og er tíkin í eigu kærða. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærði svaraði því til að honum þætti afskaplega leiðinlegt að hafa brotið lög HRFÍ. Hann taldi sig hafa verið með allt á hreinu hvað varðaði lög, vottorð o.fl. vegna aldurs tíkarinnar.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu ræktendur í ræktunarstafi sínu hafa í heiðri góða hundaræktarsiði og í grein 3.5.segir:

„Ef tík er pöruð eftir 7 ára aldur skal fylgja pörunarvottorði vottorð frá dýralækni, sem staðfestir að tíkin hafi verið í líkamlega góðu ástandi fyrir pörun og geti gengið með hvolpa og alið önn fyrir þeim án þess að það komi niður á heilsu hennar. Vottorð frá dýralækni má ekki vera eldra en mánaðargamalt við pörun. Para ekki tík sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður. Aldrei má para tík sem náð hefur 10 ára aldri.

Óumdeilt er að á þeim tíma sem þörunin átti sér stað var tíkin of gömul fyrir fyrstu þörun. Reglan er sett með dýravernd að leiðarljósi og mikilvægt að allir ræktendur HRFÍ hafi þessa reglu í heiðri.

IV. Niðurstaða.

Kærði; Y telst hafa gerst brotlegur við grein 3.5 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur.

f.h. siðanefndar

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir